

Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga haldinn í fjarfundi 26. júní 2014 kl 10.00. Mætt voru Albertína F Elíasdóttir, formaður, Friðbjörg Matthíasdóttir, Ómar Már Jónsson, Sveinn Ragnarsson og Sigurður Pétursson. Auk þeirra sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri sem einnig ritaði fundargerð.

Formaður kynnti dagskrárbreytingu og óskaði eftir að rætt verði málefni BsVest, tillagan samþykkt.

Mætt til fundar Sif Huld Albertsdóttir, verkefnastjóri BsVest. Sif Huld kynnti drög að samantekt á rekstri málaflokksins á grundvelli niðurstöðu aðalbóka sveitarfélaganna fyrir árið 2013. Samantektin er unnin á grundvelli beiðni Jöfnunarsjóðs. Stjórn BsVest bendir á að frávík eru milli aðalbókar fyrir málaflokkinn hjá félagsþjónustu Ísafjarðarbæjar og fjárhagsáætlunar BsVest. Stjórn felur verkefnastjóra og framkvæmdastjóra að eiga fund með Ísafjarðarbæ til að fara yfir samantektina.

Sif Huld vék af fundi.

1. Fundargerð stjórnarfundar 4. júní 2014
Lögð fram fundargerð stjórnarfundar frá 4. júní 2014, en fundargerð hafði áður verið send út í tölvupósti og staðfest af stjórn. Formaður óskaði eftir formlegri staðfestingu fundargerðar. Stjórn staðfestir fundargerð.
2. Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða hf
 - a. Lagt fram bréf dags 19. júní 2014 frá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða hf, þar sem boðað er til aðalfundar félagsins fimmtudaginn 26. júní kl 15.00 í fundarsal Þróunarseturs Vestfjarða, Árnagötu 2-4, Ísafirði.
 - b. Lagður fram til kynningar ársreikningur félagsins fyrir árið 2013.
 - c. Lögð fram tillaga um að formaður stjórnar Albertína F Elíasdóttir fari með atkvæðisrétt Fjórðungssambands Vestfirðinga á aðalfundi félagsins. Tillagan samþykkt.
 - d. Rætt um tilnefningu í stjórn Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða að hálfu FV með hliðsjón af atkvæðavægi FV (34,24 %). Samþykkt að tilnefna Ingu Maríu Guðmundsdóttur, Ísafirði, Indriða Indriðason, Tálknafirði og Andreu K Jónsdóttur, Hólmavík. Í varastjórn Elías Jónatansson, Bolungarvík, Magnús Jónsson, Patreksfirði, Pétur G Markan, Súðavík og Kristján Andra Guðjónsson, Ísafirði.
3. Umræðuskjal, innanríkisráðuneytis, fyrirkomulag framkvæmdavalds og löggæslu á Vestfjörðum.

Lögð fram tvö umræðuskjöl af heimasíðu innanríkisráðuneytisins sem birt voru þann 6. júní 2014 og tölvupósts Sambands íslenskra sveitarfélaga sama dag þar sem vakinn er athygli á sama máli.

Í umræðuskjölunum er veittur frestur til 1. júlí nk. til að koma að athugasemdum um mörk stjórnsýsluumdæma sýslumanna og lögreglustjóra í framhaldi af birtingu nýrra laga nr 50/2014 um framkvæmdavald og stjórnsýslu ríkis í héraði og lögum nr 51/2014 um breytingu á lögreglulögum. Í tilgreindum lögum kemur fram að hafa skal

samráð við sýslumenn, lögreglustjóra, Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga.

Samkvæmt umræðuskjali er gert að tillögu að aðalskrifstofa sýslumanns verði í Bolungarvík en skrifstofur sýslumanns auk þess á Ísafirði, Hólmavík og Patreksfirði. Gerð er síðan tillaga um að aðalskrifstofa lögreglustjóra verði á Ísafirði en lögreglustöðvar í Bolungarvík, Hólmavík og Patreksfirði.

Framkvæmdastjóri kynnti að leitað hefði verið eftir athugasemdum sveitarfélaga á Vestfjörðum á umræðuskjölum ráðuneytisins. Svör hafa borist frá Bolungarvíkurkaupstað, Ísafjarðarbæ, Strandabyggð, Tálknafjarðarhreppi og Vesturbyggð. Kaldranneshreppur kynnti að sveitarfélagið ætla ekki að skila umsögn, önnur sveitarfélög hafa ekki svarað erindinu.

Framkvæmdastjóri kynnti drög að umsögn til ráðuneytisins sem byggir á áliti sveitarfélaganna og umsögn FV til Alþingis frá byrjun þessa árs við frumvarp til framangreinda laga. Rætt um efni umsagnar og framkvæmdastjóra falið að vinna umsögn á grunni umræðu á fundinum og leggja að nýju fyrir stjórn.

Til grundvallar verði settar fram tillögur um að aðalskrifstofa lögreglu verði á Patreksfirði og aðalskrifstofa sýslumanns verði á Ísafirði. Fjármagn verði aukið til að tryggja stöðgildi löglærðra fulltrúa á öllum sýsluskrifstofum. Að auki verði tryggt að fjármagn sé í takti við erfiða stöðu heilsárssamgangna þannig að greið samskipti (ferðalög) séu á milli starfstöðva sýslumanna og lögreglu líkt og í öðrum landshlutum.

4. Almenningsamgöngur

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála. Annars vegar verðkönnun á akstri sérleyfa, en því verkefni hefur seinkað vegna annarra verkefna. Hinsvegar stöðu máls er varðar samstarf landshlutasamtaka og samskipti við innanríkisráðuneyti og Vegagerð.

5. Önnur mál

a. Staðsetning 59. Fjórðungsþings Vestfirðinga.

Framkvæmdastjóri kynnti samantekt á vali á þingstöðum í Vestur Ísafjarðarsýslu. Stjórn samþykkir að 59. Fjórðungsþing Vestfirðinga verði haldið á Þingeyri.

b. Vegaframkvæmdir í Gufudalssveit.

Friðbjörg Matthíasdóttir vakti athygli á frétt á Stöð 2 frá 25. júní s.l. þar sem kynnt var svar Skipulagsstofnunar við óformlegu erindi Vegagerðarinnar þess efnis að ný veglína fyrir leið B um Gufudalssveit verði sett í umhverfismat. Skipulagsstofnun hafnar því að þessi nýja veglína verði sett í umhverfismat.

Stjórn FV beinir því til samgöngunefndar að skoða niðurstöðu þessa máls og til hvaða aðgerða megi grípa í framhaldi þess.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 11.30.

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri.